

ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lög- **61**  
um sjóðsins. 7. júní

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir for-  
stöðunefnd sjóðsins.

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir sjóðinn »Aldarminning **62**  
Jóns Sigurðssonar forseta«, útgefinn á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra 15. apríl  
Íslands 15. apríl 1915.

Skipulagsskráin er þannig:

## Aldarminning Jóns Sigurðssonar forseta.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með samskotum Ísfirðinga.

### 2. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 1623.65 — eitt þúsund sex hundruð tuttugu og þrjár krónur sextíu og fimm aurar. — Fyrir fje sjóðsins skulu keypt bankavaxta-  
brjef eða önnur jafntrygg verðbrjef. Verja má  $\frac{1}{2}$  vöxtum til styrktar fátækum,  
efnilegum og siðprúðum gagnfræðanemendum á Ísafirði, en þegar höfuðstóllinn er  
orðinn 3000 kr., má verja  $\frac{3}{4}$  vaxtanna í sama skyni. Gjafir leggjast ávalt við  
höfuðstól.

### 3. gr.

Skólanefnd Ísafjarðar hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal ársreikningur  
hans birtur í Stjórnartíðindunum. Verði gagnfræðaskóli stofnaður á Ísafirði, hverf-  
ur stjórn sjóðsins undir stjórn hans.

Ísafirði, 11. mars 1915.

*Þorvaldur Jónsson. Sigurjón Jónsson. Magnús Torfason.*